

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

53. grein laganna orðist svo:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og fimm manna bankaráði. Heimilt er bankaráði að fjölga bankastjórum að fengnu samþykki ráðherra.

Sameinað Alþingi kys bankaráðsmenn hluthundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Á sama hátt skal kjósa fimm varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanns. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna eða varamanna, til fjögurra ára í senn.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann setur bankaráði og bankastjóra erindisbréf og ákveður laun bankaráðsmanna.

Bankaráð skipar bankastjóra, aðalbókara og aðalféhirði.

Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

2. gr.

54. grein laganna orðist svo:

Bankastjóri ræður aðra starfsmenn bankans en aðalbókara og aðalféhirði.

Bankaráð ákveður laun starfsmanna, að fengnum tillögum bankastjóra.

3. gr.

1. málslíður 57. gr. laganna orðist svo:

Tveir skulu vera endurskoðendur bankans, kosnir hluthundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna, svo endurskoðenda. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1964. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

Starfstímabil endurskoðenda sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, miðar að breytingum á stjórn Búnaðarbanka Íslands.

Stjórn bankans er nú skipuð einum bankastjóra og þriggja manna bankaráði. Formaður bankaráðs er skipaður af ráðherra, en hinir tveir bankaráðsmenn eru kosnir hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn af sameinuðum landbúnaðarnefndum Alþingis.

Telja verður eðlilegt, að bankaráð Búnaðarbankans sé skipað fimm mönnum eins og bankaráð Landsbankans og Útvegsbankans. Einnig verður að telja eðlilegt, að sameinað Alþingi kjósi bankaráðið og kjósi það allt. Með þessu móti eru líkindi til, að allir stjórnaráðsflokkar mundu eiga aðild að bankaráðinu og aðstaða bankans þannig styrkjast.

Þá er rekstur Búnaðarbankans orðinn svo umfangsmikill, að telja verður nauðsyn bera til að opna leið til að fjölga bankastjórum.

Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða, nema hvað gert er ráð fyrir, að endurskoðendur bankans verði kjörnir af sameinuðu Alþingi, en ekki skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu sameinaðra landbúnaðarnefnda Alþingis, svo sem verið hefur.